

Þingforsetar, kæru félagar.

Við sem erum hér samankomin í dag stöndum á öxlum þeirra eldhuga sem komu saman og ákváðu að standa saman og nýta samtakamátt verkafólks til að knýja í gegn bætt kjör, réttindi og mikilvægar samfélagsumbætur. Mig langar að við stöldrum við og hugsum til þessara forvígiskvenna og manna sem helguðu líf sitt hreyfingu okkar.

Kjarkur þeirra, baráttuþrek og samstaða skilaði okkur, 5 daga vinnuviku, 8 stunda vinnudegi, orlofsrétti, veikindarétti og lífeyrisréttindum allt réttindi og mál sem við teljum sjálfsögð í dag.

Þessi mál náðust í gegn með samstöðu þar sem mótaðilinn var vel skilgreindur og baráttan var mörkuð samstöðu. En baráttu okkar er hvergi nærri lokið og nú er alls ekki tíminn til að brjóta upp þessa samstöðu sem skiptir okkur í raun öllu máli og er forsenda þess að við náum árangri.

Framundan eru kjarasamningar á sama tíma og óvissan er mikil. Við erum sem samfélag nýstaðinn upp eftir nærri tveggja ára heimsfaraldur. Þá skyndilega stöndum við frammi fyrir breyttri heimsmynd.

Evrópa vaknaði upp við blóðugt árásarstríð með tilheyrandi mannlegum harmleik. Áhrif þessara hörmunga á líf skjör fólks víða um heim fara senn að koma fram.

Á þessum tímum er hugur okkar hjá fórnarlömbum yfirstandandi stríðs í Úkraínu. Erfitt er að setja sig í spor þess fólks sem missir ástvini og heimili í þessum hörmungum.

Svar fullvalda og sjálfstæðra þjóða til að afstýra átökum á borð við þessi er að bindast samtökum og standa saman um að á alþjóðavettvangi gildi leikreglur en ekki bara réttur hins sterka til að ráðast á hinn veika. Sú samstaða sem náðst hefur í alþjóðasamfélaginu gegn fautaskap og ofbeldi Pútíns hefur boðað hörðustu efnahagsaðgerðir sem lagðar hafa verið á nokkurt ríki. Ríki sem hafa haft miklar tekjur af viðskiptum við Rússlands leggja skammtímahagnað lönd og leið fyrir mannréttindum og betri heimi.

Í verkalýðshreyfingunni hér á Íslandi bindumst við samtökum fyrst og fremst til að verja líf skjör og réttindi þess sem veikast standa og náum árangri með samstöðu. Sumir hafa kosið að kalla þær deilur sem verið hafa í deigluinni

innan verkalýðshreyfingarinnar stríðsástand. Slíkt orðalag lýsir miklu virðingarleysi yfir þeim veruleika sem saklaust fólk þarf að búa við austur í Úkraníu.

Þessar hörðu efnahagsaðgerðir munu bitna harðast á venjulegu saklausu fólki en þær munu vonandi knýja fram þrýsting um friðsamlega lausn á innrás Rússlands í Úkraníu. Í stríði eru fórnarlömbin sjaldnast þeir sem til þeirra stofna

Við þurfum nú að standa með þessu fólki - hér þarf samhent verkalýðshreyfing að leggja sitt af mörkum. Þar sjáum við mikilvægi samstöðu og við sjáum hvernig - samhent þjóð verst með kjafti og klóm. Þar eru aðilar vissulega örugglega ekki sammála en þeir láta sína persónulegu hagsmuni og skoðanir víkja fyrir hagsmunum heildarinnar.

Forsendan fyrir því að sú leið haldi er að við stöndum saman. Fyrstu fórnarlömb innbyrðis átaka okkar á milli í verkalýðshreyfingunni er láglaunafólkið sem okkur ber umfram allt að verja. Þeirra vegna eigum við enn og aftur að taka slaginn fyrir því að barátta láglaunafólks fyrir launum sem hægt er að lifa af skili því raunverulegum árangri en sé ekki bara stökkpallur fyrir betur setta á vinnumarkaði. -

Verkalýðshreyfingin í heild er stærsta fjöldahreyfing landsins og því ætti ekki að koma neinum á óvart að hér séu ekki allir alltaf sammála, ekki síst þegar kemur að aðferðum. En sem betur fer hefur okkur borið gæfa til að standa saman um grundvallaratriðin. Jöfnuður og réttlæti verða alltaf hluti af þeim grunnildum í mínum huga og þess vegna finnst okkur eðlilegt að bæði þessa mikla hreyfing og stjórnvöld standi með okkur í því að setja lífsskjör og hagsmuni þeirra sem verst standa í forgang. Okkar verkefni er einfaldlega að fá verkalýðshreyfinguna í heild til að gera baráttu hinna lægst launuðu fyrir mannsæmandi launum að sinni baráttu.

Órofa samstaðan er mikilvægust fyrir þann allt of stóra hóp láglaunafólks sem getur ekki lifað af laununum sínum. Við í Starfsgreinasambandinu höfum þurft að taka harða slagi fyrir þeirri leið að semja um krónutöluhækkanir og ná sátt um að hinir lægst launuðu njóti launahækkana umfram aðra. Við í Starfsgreinasambandinu erum rödd láglaunafólks í samfélaginu, innan verkalýðshreyfingarinnar og gagnvart stjórnvöldum. Þess vegna er hlutverk okkar sem gefum kost á okkur til að leiða þessa baráttu ekki síst að eiga samtal og hlusta.

Mig langar að minna á árangur samstöðu en það var mikill baráttuandi meðal þeirra félaga sem fólu SGS kjarasamningsumboðið fyrir síðustu samningagerð (2015). Af 19 félögum innan SGS voru 15 sem fólu SGS umboðið. Báran, stéttarfélag var eitt þeirra félaga. Krafan um þrjúhundruð þúsund króna lágmarkslaun innan þriggja ára kom frá grasrótinni. Við getum öll verið sammála um að þetta eru ekki há laun en samt varð þetta hörð barátta sem endaði með 2 og ½ dags verkfalli 10 þúsund félagsmanna á landsbyggðinni til þess að samningar næðust. Grasrótin varðaði leiðina og stóðu félagsmenn vaktina í verkfallsvörslu. Það stóð ekki á forystumönnum að taka þennan slag eða aðra slagi fyrir félagsmenn innan hreyfingarinnar. Það var á brattann að sækja. Samtök atvinnulífsins höfnuðu þessar kröfu algjörlega og töldu þetta óábyrgt og galið. Samtakamátturinn innan okkar raða var hinsvegar órjúfanlegur og almenningur í landinu eða 9 af hverjum 10 studdu þessa kröfu sem skilaði okkur þessari niðurstöðu. Þetta er máttur samstöðunnar.

Við horfum nú á breytta heimsmynd og breytingar á íslenskum vinnumarkaði.

Við verðum að leiðrétta skort íslenskra atvinnurekenda á virðingu gagnvart stórum hluta þess erlenda vinnuafls sem hingað kemur til að sinna lífsnauðsynlegum störfum í samfélaginu. Starfsfólk verkalýðshreyfingarinnar þarf daglega að fást við átakanlegar sögur af brotum gegn umsömdum kjörum og réttindum. Þar fer hin daglega barátta okkar fram, að mestu í hljóði en skiptir engu að síður sköpum fyrir þann fjölda sem verður fyrir þessum brotum. Þessi hópur á fáa málsvara hér þurfum við að taka höndum saman og tryggja að rödd þagni aldrei.

Eitt mikilvægasta mál fyrir næstu kjarasamning eru húsnæðismál. Þegar við fjöllum um þau og ræðum við stjórnvöld syngja þau gamalkunnugt stef. Ekki benda á mig. Undanfarin ár hafa þessi mál verið rædd en aðgerðir stjórnvalda verið máttlitlar og skilað litlu. Við getum ekki látið markaðinn leysa þetta vandamál. Þegar íbúðir sem börnin okkar eiga að kaupa kosta 50 m.kr Við getum ekki samþykkt að fjárfestar sópi til sín eignum af því vaxtaumhverfið er svo hagstætt.

Til að knýja stjórnvöld til aðgerða til að tryggja fólki þau sjálfsögðu mannréttindi að hafa þak yfir höfuðið þurfum við líka að standa saman. Aðeins sameinuð verkalýðshreyfingin getur knúið fram breytingar. Samstaða mun skila okkur alvöru lausnum.

Ég hef hér rætt um mikilvægi samstöðu og að við verðum að vinna saman til að ná árangri. Með þeim málflutningi má ekki skilja mitt mál sem svo að ég víki mér undan gagnrýni á mín störf. Ég er stolt af mörgum málum sem við höfum komið í gegn. Dregin hefur verið upp sú mynd af okkur af félögum okkar að við sem höfum starfað hér í einhvern tíma séum orðnar mélkisur sem éti úr lófa atvinnurekanda. Feitir kettir sem bíði aðeins eftir að fá að lepja rjómann með vöflunum.

Ég frábið mér slíkan málflutning og viðurkenni það að hann særir mig. Við höfum sannarlega náð árangri og við vitum líka að til að árangur náist til lengri tíma þá þarf að ríkja traust á milli samningaaðila um að við séum heil í okkar störfum.

Við erum nú að vinna að undirbúningi fyrir kjarasamninga. Báran, stéttarfélag hefur nú fengið niðurstöður úr kjaramálakönnun félagsins. Það er ekki annað hægt en að fagna áhuga þeirra og ekki síst finna samhljómin með forystu hreyfingarinnar. Forystan endurspeglar vilja grasrótarinnar, sem hefur sent skýr skilaboð að halda áfram á þeirri braut sem við höfum verið á að ná upp lægstu launum. Meðal annars að afnema tekjutengingar á lifeyrisgreiðslur, auka aðgengi að fullorðinsfræðslu, tryggja lága vexti fyrir íbúðarhúsnæði og tryggja heilbriðisþjónustu fyrir alla án íþyngjandi kostnaða. Þetta samræmist þeirri stefnu sem Alþýðusamband Íslands hefur lagt áherslu á og sjáum við ekki ágreining meðal félagsmanna við stefnu og málflutning ASÍ.

Kæru félagar styrkur okkar er fjöldinn, fjölbreytileikinn, ólíkar áherslur og lýðræðislegt samtal. Nú er tíminn til þess. að standa saman og sýna styrk okkar launafólks og samstöðumátt þannig getum við knúið fram breytingar og lausnir.

Takk fyrir